

Mál nr. 286/2020**M og
V vegna slysa- og sjúkratryggingar.****Ágreiningur um gildissvið slysa- og sjúkratryggingar vegna afleiðinga sýkingar í júlí 2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 26. ágúst 2020 með fylgiskjölum.
Bréf V dags. 12. október 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M leitaði á heilsugæslustöð vegna verkja og bólgu í hægri úlnlið hinn 18. júlí 2019 og síðan aftur fjórum dögum síðar og þá var honum vísað á bráðamóttöku. Hinn 31. júlí 2019 greindist M með „Staphylococcus aureus“ bakteríusýkingu og tók þá við stíf sýklalyfjameðferð. M hefur verið óvinnufær vegna afleiðinga þessa síðan.

M byggir á því að hann hafi slasast á höndum við vinnu sína, en hann starfaði í júlí 2019 sem smiður. M vísar til þess að við komu á bráðamóttöku hafi hann haft tvö sár á höndum og ætla megi að sýking hafi átt leið inn í líkama hans af húð í gegnum þau sár og þannig valdið óþægindum í úlnlið. M telur að það sýking berist með þessum hætti inn í líkama hans hafi verið skyndilegur atburður í skilningi gr. 14.3 í váttryggingarskilmálum og eigi hann rétt til bóta vegna slyss úr slysa- og sjúkratryggingu sinni. M vísar til læknisfræðilegra gagna og telur að sýkingarafleiðingar hafi komið fljótt fram og þar sé einnig sýnt fram á að bakterían lifi almennt á húð og hafi þannig komist inn í líkama M, þ.e. í gegnum sár á höndum hans.

V telur að um veikindi sé að ræða en ekki skyndilegan atburð sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs í skilningi gildissviðs váttryggingarskilmála. V vísar til þess að almennt geti bakteríu- og veirusýkingar leitt til veikinda fólks en ekki sé sýnt fram á að eitthvað skyndilegt atvik hafi leitt til sýkingar í tilviki M og þannig að tjón hafi komið fljótt fram. Þannig sé um sambærilegar aðstæður að ræða þegar um eitrun og kul sé að ræða. Þannig telur V að um sjúkdóm sé að ræða en ekki slys.

Álit:

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningur M og V snúist aðallega um það hvort afleiðingar sýkingar M séu meiðsl á líkama hans í skilningi gr. 14.2 í váttryggingarskilmálum og hafi mið til vegna skyndilegs atburðar. Í gr. 14.3 í sömu skilmálum kemur fram að við meiðsl á útlimum sé þess ekki krafist að atburður sé jafnframt utanaðkomandi og á það við í máli M. Í II. kafla váttryggingarskilmála er fjallað um svokallaða sjúkravernd og rétt til bóta vegna starfsorkumissis af völdum sjúkdóms en ekki er að sjá af málsgögnum að ágreiningur sé um bótaskyldu af þeim ástæðum.

Í gögnum málsins er ítarlega farið yfir afleiðingar sýkingar þeirrar sem greindist hjá M í lok júlí 2019. Ekki hefur hins vegar verið upplýst með nægilega skýrum hætti hvort og þá hvaða skyndilegi atburður hefur mögulega getað leitt til hennar. Það er því ósannað að skilyrði gr. 14.2, sbr. gr. 14.3 í váttryggingarskilmálum V séu uppfyllt þannig að um slys sé að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr slysalíð slysa- og sjúkratryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá Vp

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.